

Grímseyjarhreppur

Afhending 2011/82

Grímsey liggur á heimskautsbaug, 41 km frá norðurströnd Íslands. Hún er að flatarmáli 5,3 ferkílómetrar og 5,5 km að lengd. Grímsey er græn, grösug og gjöfull eyja. Byggð hefur verið í Grímsey frá landnámi og byggðin er vestan til á lægsta punkti eyjarinnar. Sjávarútvegur er og hefur verið aðalvinnugreinin og grundvöllur fyrir búsetu í eyinni í gegnum aldirnar. Fjöldi íbúa hefur lengst af verið um 90-100 en hefur mikið fækkað allra síðustu ár.

Grímseyjarhreppur var sameinaður Akureyri árið 2009 en hreppsnefnd var lögð niður árið 2010. Á árunum 2009 til 2010 starfaði hreppsnefnd sem samráðsnefnd við bæjarstjórn Akureyrar. Nefndin var tengiliður milli fagnefnda Akureyrarbæjar og íbúa Grímseyjar og hafði áheyrnarfulltrúa sem sat fundi fagnefnda þegar málefni Grímseyjar voru til umfjöllunar hjá nefndum Akureyrarbæjar. Eftir 2010 var hreppsnefndin endalega lögð niður og öll málefni Grímseyjar alfarið undir stjórn bæjarstjórnar Akureyrar.

Afhendingaraðili er Brynja Pálsdóttir, Akureyri.

Fyrri afhendingar eru: 39, 387,398, 444, 858, 946, 1090, 1130, 2001/83, 2002/39, 2002/43, 2002/25, 2009/27, 2009/73, 2011/82.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

8. júlí 2019

Kristín María Hreinsdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Grímseyjarhreppur			2011 / 82
AB-Fundargerðir, annarra nefnda		1904 - 2009	
2011 - AB / 1	1	1904- 2009 Fundagerðarbók, kjörbók undirkjörstjórnar í Grímseyjarhreppi.	22,5X18,5 cm.